

Minnisblað

Alþingi
Erindi nr. P 120 / 1993
komudagur 13 / 5 1996

Viðtakandi: Formaður allsherjarnefndar Alþingis

Dagsetning: 9. maí 1996

Höfundur: Sigurður T. Magnússon, skrifstofustjóri

Efni: Hugleiðingar um mögulegar breytingar á einstökum ákvæðum í frumvörpum til lögreglulaga og um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

I.

Frumvarp til lögreglulaga

- **1. gr. Hutverk lögreglu o. fl.**

Í þeim frumvarpsdrögum sem nefnd sem falið var að endurskoða frumvarpið skilaði frá sér var svohljóðandi ákvæði sem e-liður 1. gr.

e. að hafa með höndum yfirstjórn og samræmingu leitar og björgunaraðgerða, nema björgun heyri undir skipulag almannavarna.

Hér kemur til greina að takmarka ákvæðið við yfirstjórn og samræmingu leitar og björgunaraðgerða **á landi**

eða, ... nema björgun heyri undir **landhelgisgæslu** eða skipulag almannavarna.

- **8. gr. Srstakar rannsóknardeildir.**

Til greina kemur að breyta efni 8. gr. í veulegum atriðum.

Heiti greinarinnar yrði "Lögreglurannsóknir" og greinin í heild sinni þannig:

8. gr.

Lögreglurannsóknir

1. Lögregla annast rannsóknir brota í samráði við handhafa ákærvalds.
2. Brot skal að jafnaði rannsakað í því umdæmi sem það er framið, sbr. þó ákvæði b- og c-liða 2. mgr. 5. gr. Ef lögregla fær eftir að rannsókn er hafin vitneskju um brotamaður dvelji í öðru umdæmi eða að annað eða önnur brot sem sami maður er grunaður um séu til rannsóknar í öðru umdæmi er rétt að flytja rannsóknina þangað.
3. Ríkissaksóknari sker úr um í hvaða umdæmi mál skuli rannsakað.
4. Ríkislögreglustjóri getur í samráði við ríkissaksóknara tekið stjórn rannsóknar í sínar hendur eða falið öðrum lögreglustjóra en hafið hefur rannsóknina stjórn hennar.
5. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvenær brot skuli rannsakað undir stjórn ríkislögreglustjóra, skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. og hvenær lögreglustjórum sé rétt að leita aðstoðar ríkislögreglustjóra vegna rannsóknar skv. c-lið 2. mgr. 5. gr.

- **9. gr. Handhafar lögregluvalds.**

Ríkistollstjóri hefur bent á (í símtali 8. þ.m.) að ekki sé nægjanlegt að tollverðir einir séu handhafar lögregluvalds, skv. 4. mgr. 9. gr. heldur verði ríkistollstjóri, tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra einnig að hafa slíkt vald í þeim mæli sem fram kemur í málsgreininni.

Rétt er því að 4. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Ríkistollstjóri, tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

- **10. gr. Héraðslögreglumenn.**

Í lok 1. mgr. er meinleg villa þar sem vitnað er til 39. gr. í stað 38. gr. Einnig er einu "í" ofaukið í málsgreininni.

Málsgreinin á að enda svo:

...enda fullnægi þeir skilyrðum a-, b- og c-liða 2. mgr. 38. gr. laganna.

- **18. gr. Afskipti af börnum**

Greinin hefjist þannig: Lögreglu **ber** að hafa ...(í stað er heimilt að hafa ...)

- **20. gr. Skylda til að aðstoða lögreglu.**

Rétt þykir að breyta upphafi 1. mgr. 20. gr. þannig að í stað lögreglumenn komi lögregla. Upphaf málsgreinarinnar hljóðar þá þannig:

1. Ef nauðsyn ber til getur lögregla kvatt sér til aðstoðar ...

- **22. gr. Þagnarskylda**

Til greina kemur að breyta síðara málslíð 1. mgr. 22. gr. í svofellt horf:

Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða **starfshætti** lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, **starfsreglum lögreglu**, eða eðli máls.

- **28. gr. Veiting starfa í lögreglu.**

Í lok 4. mgr. er meinleg villa þar sem vitnað er til 39. gr. í stað 38. gr.

Síðari hluti málsgreinarinnar á að hljóða svo:

...enda fullnægi hann skilyrðum a-, b- og c-liða 2. mgr. 38. gr. laganna ...

- **32. gr. Aukastörf.**

Til greina kemur að breyta 32. gr. þannig að bann við aukastörfum lögreglumanna yrði ekki orðað með jafn fortakslausum hætti.

1. og 2. mgr. 32. gr. gætu hljóðað þannig:

1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Að öðru leyti er lögreglumönnum óheimilt, án samþykkis ríkislögreglustjóra, að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja eða reka sjálfstæða starfsemi.

2. Heimild til að sinna aukastarfi skal ekki veita ef ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum er stöðu fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega. Heimilt er að

afturkalla slíka heimild hvenær sem er ef ástæða þykir til en gefa skal lögreglumanni hæfilegan frest til að láta af aukastarfinu ef kostur er.

3. mgr. 32. gr. falli brott.

• **35. gr. *Kærur á hendur lögreglu.***

Til greina kemur að breyta 35. gr. þannig að í stað ríkislögreglustjóra komi ríkissaksóknari og síðasti málsliður greinarinnar fellur niður. Einnig þykir rétt að breyta "lögreglumanni" í **starfsmanni lögreglu** og "lögreglustarfa" í **starfa sinna**.

Greinin gæti þá hljóðað svo:

35. gr.

Berist kæra á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa sinna, eða vakni grunur um slíkt brot, skal lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um ætlað brot. Ríkissaksóknari annast rannsókn málsins.

• **37. gr. *Stjórn Lögregluskóla ríkisins.***

Rétt þykir að breyta upphafi 1. mgr. 37. gr. í það horf að skólastjóri Lögregluskóla ríkisins verði skipaður af forseta Íslands og staða hans því sambærileg stöðu lögreglustjóra.

Málsgreinin hljóði svo:

1. Forseti Íslands skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgöða þekkingu á lögreglumálefnum.

• **38. gr. *Inntaka nýnema og námstilhögun.***

Til greina kemur að breyta 38. gr. þannig að í b-lið 2. mgr. falli brott málsliðurinn:

"Dómsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshæð lögreglumannsefna."

Leiðréttu þarf stafsetningarvillu í d-lið 2. mgr. Í stað "kröfum" á að standa **kröfum**.

Til greina kemur að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 38. gr. sem hljóði svo:

"Hver tilnefningaraðili skal tilnefna einn karl og eina konu og skal ráðherra skipa valnefndina þannig að þar sitji a. m. k. ein kona."

• **43. gr. *Breytingar á öðrum lögum.***

Nauðsynlegt þykir að gera eftirfarandi breytingar á orðinu lögreglumönnum í eftirfarandi lögum.

Lagt er til að nýjum málsgreinum verði bætt við 43. gr.

Í stað orðsins "lögreglumönnum" í 4. mgr. 52. gr. laga um lofiferðir nr. 34/1964, kemur: lögreglu.

Í stað orðsins "lögreglumönnum" í 1. mgr. 32. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990, kemur: lögreglu.

Í stað orðsins "lögreglumönnum" í 3. mgr. 36. gr. laga um nauðungarsölu kemur: lögreglu. Í stað orðsins "Lögreglumönnum" í 2. mgr. 60. gr. sömu laga, kemur: Lögreglu.

Í stað orðsins "lögglumönnum" í 3. mgr. 24. gr. laga um aðför nr. 90/1989, kemur: lögglu. Í stað orðsins "Lögglumönnum" í 1. mgr. 29. gr. sömu laga, kemur: Lögglu.

Í stað orðanna "lögglumenn liðsinna við aðför skulu þeir að jafnaði vera óeinkennisklæddir." í 3. mgr. 75. gr. barnalaga nr. 20/1992, kemur: lögglu liðsinnir við aðför skal hún að jafnaði vera óeinkennisklædd.

II.

Frumvarp um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

- **7. gr. frumvarpsins.**

Lagt er til að greinin skiptist í 3 málsgreinar.

7. gr. hljóði svo:

7. gr.

1. Í stað orðsins "Lögglumönnum" í 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: lögglu.
2. Í stað orðsins "Lögglumönnum" í 1. mgr. 98. gr. laganna kemur: lögglu.
3. E- og f-liðir 98. gr. laganna falla brott.